

BORGARRÁÐ 19. júlí 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um ráðningu borgarlögmans - R17080023

Reykjavíkurborg braut gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við ráðningu borgarlögmans í ágúst árið 2017. 1. Hvernig var staðan auglýst? 2. Hverjir komu að ráðningaferlinu og hvernig var ráðningarinnanhússnefndin skipuð? 3. Óskað er svara við því hvort kannað hafi verið hvort borgarstjóri og borgarritari hafi verið vanhæfir til að sitja viðtöl vegna ráðningar borgarlögmans þar sem þeir eru nánir samstarfsmenn borgarlögmans 4. Stenst það jafnræðisreglu stjórnarskráinnar að borgarstjóri og borgarritari hafi verið í ráðningarnefndinni og einungis tveir aðilar sóttu um starfið og annar þeirra innanhússmanneskja? 5. Er eðlilegt að munnlegt viðtal við umsækjendur hafi snúist um einungis tvö viðfangsefni sem snéru bæði að málefnum og rekstri Reykjavíkur? 6. Kærandi fullyrti í greinargerð sinni að sú, sem hafi hlotið starfið, hafi notið hvatningar fyrrverandi borgarlögmans og borgarstjóra til að sækja um starfið. Fyrrverandi borgarlögmaður hafi verið einn af umsagnaraðilum hennar, enda yfirmaður hennar undanfarin ár. Hvað er rétt í þessum fullyrðingum?